

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 240/2017****2019/EES/80/32****frá 15. desember 2017****um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1438 frá 4. ágúst 2017 um breytingu á ákvörðun 2007/131/EB um að heimila samræmda notkun í Bandalaginu á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar að því er varðar búnað sem notast við ofurvíð-bandstækni <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1483 frá 8. ágúst 2017 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað og um niðurfellingu á ákvörðun 2006/804/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2017/1483 fellir úr gildi, frá og með 1. janúar 2018, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/804/EB <sup>(3)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 1. janúar 2018.
- 4) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 5cw (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/131/EB):

„– **32017 D 1438:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1438 frá 4. ágúst 2017 (Stjtið. ESB L 205, 8.8.2017, bls. 89).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 5cz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB):

„– **32017 D 1483:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1483 frá 8. ágúst 2017 (Stjtið. ESB L 214, 18.8.2017, bls. 3).“

3. Texti liðar 5cza (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/804/EB) fellur brott frá og með 1. janúar 2018.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/1438 og (ESB) 2017/1483, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 205, 8.8. 2017, bls. 89.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 214, 18.8. 2017, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 329, 25.11. 2006, bls. 64.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Sabine Monauni***

formaður.